

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur sýslumannsins í Norður-  
múlasýslu E. Thorlasíusar á ómerkur að vera, og  
ber honum að greiða allan kostnað af málinu  
þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svara-  
manns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna  
Páls Melsteðs og Jóhannesar Ólafssonar, 10 kr.  
til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. septembermán.

Nr. 34/1884.

Rjettvísín

gegn

Jónathan Þorsteinssyni.

Dómur:

Það er með eigin játningu hins ákærða, Jónathans  
Þorsteinssonar, og öðrum skýrslum í málinu, löglega  
sannað, að hann haustið 1883 hefur kastað eign sinni  
á samtals 8 sauðkindur að ófrjálsu. Höfðu kindur  
þessar sjálfkrafa komið saman við fje hans, og mark-  
aði hann 5 þeirra undir sitt mark, en hinum fargaði  
hann óafmörkuðum; þær 5 kindur, er hann markaði  
sjer, sem sje 3 gimbrar veturgamlar og 2 lömb, fje-  
nýtti hann sjer á þá leið, að hann fargaði einni  
gimbrinni út á Akranes, á annari hafði hann skipti  
fyrir aðra kind; þriðja gimbrin og annað lambið  
drapst hjá honum, en hitt lambið setti hann á vetur;  
hinar þrjár kindurnar, sem voru sauður, að því komið  
er fram, tvævetur, tvævetur hrútur og lamb, fjenýtti

hann sjer þannig, að hann ljet selja sauðinn fyrir sig í Reykjavík, en hrútinn og lambið skar hann heima. Allar þessar kindur hefa verið virtar 72 kr. Þá hefur hinn ákærði enn játað, að hann hafi markað undir sitt mark lamb, er Janus prestur Jónsson á Hesti átti. En hinn ákærði hefur stöðugt borið, að það hafi verið óviljaverk og orðið í ógáti, og þessa skýrslu hans virðist eptir atvikum ekki næg ástæða til að vefengja. Ekki hefur það sannast, hverjir eigendur voru að ofan um getnum 8 sauð-kindum.

Þetta afbrot ákærða hefur hjeraðsdómurinn að rjettu lagi heimfært undir 250. sbr. 249. gr. hinna almennu hegningarlaga, en hegningu þá, er hann hefur gjört honum, 18 mánaða betrunarhússvinnu, virðist mega færa niður í 1 árs betrunarhússvinnu, og ber, með því yfirdómurinn fellst á ákvæði hans um sakarkostnaðinn, með þessari breytingu að staðfesta hjeraðsdóminn yfir hinum ákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sókn-  
aar og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hjeraðsdómurinn í máli þessu skal óraskaður vera, þó þannig, að hinn ákærði Jónathan Þorsteinsson aðeins sæti betrunarhússvinnu í 1 ár. Svo ber honum og að greiða allan af áfrýjun

málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Skúla Thóroddsens og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 14/1884. Lögerfingjar Þorsteins Danielssonar  
og Margrjetar Þorláksdóttur  
gegn  
dánarbúi Þórðar prófasts Jónassens.

#### D ó m u r :

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði skiptarrjettar Eyja-fjarðarsýslu, gengnum 31. októbermán. f. á., er ákveður, að Þórður prófastur Jónassen eigi sem testamentariskur erfingi rjett til fjórða parts skuldlausra eigna dánarbús Þorsteins Danielssonar frá Skipalóni; áfrýjunarstefnan er tekin út 21. jan. þ. á., en hún hefur ekki verið birt hinum stefnda. Síðan hefur önnur áfrýjunarstefna verið tekin út 25. febr. þ. á. — En þá var áfrýjunarfresturinn út runninn, sjá, lög 12. apríl 1878, 96. gr. Ber því að vísa málinu frá yfirdóminum og að skylda áfrýjendurna til að greiða hinu stefnda dánarbúi 10 kr. í kost og tæring.

#### Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjendunum ber að greiða hinu stefnda dánarbúi í kost og tæring 10 krónur innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.